



Greining þjónustubátta með jafnréttismats-aðferð

Nafn fagsviðs/skrifstofu: Grasagarður Reykjavíkur,

Nafn ábyrgðaraðila: Hjörtur Þorbjörnsson

Greiningaraðilar/teymi: Hreinn Ólafsson, Guðmundur B. Friðriksson

Þjónustubáttur:

Áætlaður kostnaður og áætlaðar tekjur v. þjónustubáttar skv. fjárhagsáætlun 2016:

Kostn.st	Kostn.st(T)	Tsundl(T)	Esk. áætlun Þús kr.
U5700	Grasagarður	Tekjur	-4.100
U5700	Grasagarður	Laun og launatengd gjöld	58.050
U5700	Grasagarður	Annar rekstrarkostnaður	28.127
U5700	Grasagarður		82.077

Hver eru helstu verkefni innan þjónustubáttarins?

Grasagarður Reykjavíkur er lifandi safn undir berum himni. Grasagarðurinn var stofnaður árið 1961 og er rekinn af Reykjavíkurborg. Hann tilheyrir skrifstofu Umhverfisgæða sem er hluti af Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar. Umhverfis- og skipulagsráð fer með málefni Grasagarðsins. Garðurinn er opinn öllum án endurgjalds og er almennur aðgangur að garðinum allan sólarhringinn alla daga vikunnar.

Hlutverk Grasagarðsins er að varðveita og skrá plöntur til fræðslu, rannsókna og yndisauka. Í garðinum eru varðveittar tæpar 5000 plöntur í átta safndeildum. Plöntusöfnin gefa hugmynd um fjölbreytni gróðurs í tempraða beltinu nyrðra. Sérhver safndeild gegnir ákveðnu hlutverki, til dæmis að sýna og kynna íslenskar plöntur, trjágróður eða mat- og kryddjurtir. Boðið er upp á fjölbreytta fræðslu fyrir almenning og skólahópa árið um kring. Markmið fræðslunnar er að nýta hin margvíslegu plöntusöfn til fræðslu um umhverfið, garðyrkju, grasfræði, dýralíf, garðmenningu og grasnytjar sem og til eflingar útiveru og lýðheilsu.

Hver eru áhrif þjónustubáttarins á fólk eftir kyni og áhrifin á jaðarsetta hópa?

Í Grasagarðinum starfa 7 fastráðnir starfsmenn; forstöðumaður, verkefnisstjóri fræðslu og miðlunar, tækjavörður, yfirgarðyrkjufraeðingur og 3 garðyrkjufraeðingar. Yfir sumartímamann eru ráðnir að jafnaði 6 sumarstarfsmenn. Af fastráðnu starfsfólki árið 2016 voru 2 karlmenn og 5 kvenmenn. Leitast er við að hafa kynjahlutföll sem jöfnust við ráðningu sumarstarfsfólks. Vinnutími garðyrkjufraeðinga er að öllu jöfnu fastur frá klukkan 7.30 til 15.25 og er sérstakt álag greitt fyrir fyrsta hálf tímamann skv. kjarasamning þeirra. Annað starfsfólk er með sveigjanlegan vinnutíma þó að öllu jöfnu sé leitast við að hefja vinnu eins snemma og auðið er. Hamli fjölskylduádstæður garðyrkjufraeðingum því að vera með áður nefndan vinnutíma hefur verið komið til móts við viðkomandi með því að breyta vinnufyrirkomulagi í



sveigjanlegan vinnutíma. Hingað til hefur þetta haft í för með sér kjaraskerðingu og í þeim tilvikum sem þetta hefur komið upp í Grasagarðinum hefur um unga foreldra verið að ræða.

Ekki eru til næg gögn til að greina samsetningu almennra gesta í Grasagarðinum. Það stendur þó til bóta þar sem tækjum til talningar hefur verið komið fyrir við alla innganga garðsins og árið 2017 verða teknar vikulegar talningar þar sem kyn og aldur eru skráð.

Grasagarðurinn tekur á móti hópum í móttökur og skipuleggur almenna fræðsluviðburði og eru þeir án endurgjalds. Árið 2015 komu um 2300 manns í slíkar heimsóknir og af þeim tilheyrðu 1170 skólahópum. Ef litið er á kynjahlutföll þessara heimsókna það sem af er ári 2016 (gögn voru ekki kynjagreind 2015) eru þau nokkuð jöfn í almennum fræðsluviðburðum og skólaheimsóknum. Kvenmenn virðast vera í meirihluta flestra þeirra hópa sem óska eftir sérsniðnum móttökum, en 73% þeirra sem hafa komið í slíkar móttökur árið 2016 hafa verið konur.

Samsetning og bakgrunnur hópa fullorðinna sem óska eftir sérstakri móttöku hefur á undanförunum árum breyst töluvert og óskir um móttökur frá stofnunum og séreignarfélögum sem sinna velferðarmálum hafa færst í aukana. Einnig eru þessir hópar, með ýmsum hætti, hvattir til að nota aðstöðu garðsins til sinnar starfsemi á sínum eigin forsendum og hefur slík notkun aukist síðustu ár. Aðgengi hreyfihamlaðra að garðinum er ágætt, yfirborð stíga er nokkuð slétt og hreint, fjöldi bekkja er meiri en gengur og gerist í görðum borgarinnar, hægt er að lána hjólastól á vinnutíma starfsfólks og eru ferlimál hreyfihamlaðra höfð í huga við nýframkvæmdir.

Aðgerðir / Eftirfylgni

Ekki eru lagðar til neinar aðgerðir vegna stöðu þjónustuþáttarins frá sjónarhóli kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlanagerðar.